



Ársskýrsla 2024

Menntaskólinn í Kópavogi

Email: mk@mk.is
Website: www.mk.is

Sími: 594 4000
Digranesvegi 51,
200 Kópavogi



EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Ágrip	4
Stefnumiðuð áætlun	5
Nemendatölur	10
Brautskráning	11
Brotthvarf	12
Starfsfólk	13
Fjármál og rekstur	15
Stjórnun	16
Starfsbraut	19
Nám og félagslíf	20
Starfsþróun í MK	22
Leiðsöguskólinn	23
Erlent samstarf	24
Prófill MK	25
Starfsfólk skólans árið 2024	26

INNGANGUR

Menntaskólinn í Kópavogi var settur í fyrsta sinn 22. september 1973. Margt hefur breyst í starfsemi skólans á þeim rúmlega 50 árum sem liðin eru frá því að hann hóf göngu sína. Í stað þeirra 125 sem hófu nám í MK eru nú um tífalt fleiri nemendur við nám í bóknámi, matvælanámi, leiðsögunámi og á afreksíþróttasviði.

MK er skóli bóklegra og verklegra mennta. Boðið er uppá þriggja ára nám til stúdentsprófs, þriggja anna nám á framhaldsskólabrú, nám á starfsbraut, grunndeild matvæla- og ferðagreina, iðnnám í bakstri, framreiðslu, matreiðslu og kjötið, meistaranám iðngreina, matsveina- og matartæknánám auk leiðsögunáms. Meðal nemendafjöldi ársins 2024 var rúmlega 1000 og heildarfjöldi starfsmanna um 100.

MK leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.



ÁGRIP

Árið 2024 hófst með stórvægilegu verkefni sem setið hafði lengi á hakanum en það var að skipta út kæli- og frystivélabúnaði sem kominn var til ára sinna. Þetta viðamikla verkefni tókst ákaflega vel og mun hafa jákvæð áhrif á rekstur skólans.

Stjórnendum þykir mikilvægt að starfsfólki og nemendum líði vel í námi og starfi og því var rík áhersla lögð á vellíðan þeirra m.a. með því að hlusta á raddir starfsfólks og nemenda með auknu samráði og samtölum. Árangurinn endurspegladist í niðurstöðum á starfsánægjukönnuninni Stofnun ársins þar sem MK lenti í öðru sæti og fékk titilinn fyrirmyndarstofnun 2024.

Félagslíf nemenda blómstraði, leikfélag MK setti á svið leiksýninguna DNA en þáverandi forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heiðraði nemendur og gesti með nærveru sinni á frumsýningunni. Ýmsir aðrir viðburðir s.s. pallborðsumræður fyrir alþingiskosningarnar, nýnemadagur, tyllidagar, árshátíð nemendafélagsins o.fl. voru haldnir hátíðlegir en auk þess tóku nemendur þátt í söngkeppni og spurningakeppni Gettu Betur ásamt öðrum upptákum á vegum framhaldsskólanna. Hópur nemenda fór í söguferð til Póllands og skoðuðu fangabúðir nasista í Auschwitz og annar hópur fór til Danmerkur til að kynna danskri menningu og spreya sig á dönskunni.

Nemendur skólans taka þátt ýmsum verkefnum og keppnum bæði erlendis og héraðs. Nemendur í Hótel- og matvæðaskólanum í MK vöktu athygli m.a. með því að komast á verðlaunapall í ýmsum keppnum matvæðagreina og fjöldi nemenda á afreksíþróttasviði skólans náði eftirtektaverðum árangri í fjölmörgum íþróttagreinum samhliða því að stunda nám sitt af kappi.

Vegna vinsælda skólans voru einkunnir grunnskólanema í íslensku og stærðfræði látnar vega tvöfalt við innritun þeirra á stúdentsbrautir sl. haust en vegna fjölda umsókna þurfti því miður að vísa mörgum góðum nemendum frá. Starfsbraut skólans var stækkuð og þurfti því að ráða starfsfólk og kennslustofa var tekin af bóknámsnemum til þess að mæta stækkun brautarinnar. Kennarar voru duglegir að þróa sig í starfi. Stór hópur kennara hélt reglulega þverfaglega fundi um kennsluhætti og hvernig hægt er að þróa þá. Starfsmenn fóru svo í skólaheimsókn til Toledo á Spáni sem tókst með eindæmum vel. Haustið 2024 var Guðríður Hrund skipuð skólameistari en Guðríður Eldey lét þá af störfum.

Guðríður Hrund Helgadóttir, skólameistari

STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLUN

Stefnumiðuð áætlun MK til þriggja ára er skilað árlega til Mennta- og barnamálaráðuneytisins í samræmi við 31. og 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemi skólans samræmist henni. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi skólans, rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Áætlun frá 2023 var endurskoðuð haustið 2024 og ný áætlun mótuð til næstu ára.

Markmið MK fyrir árin 2024-2026 eru eftirfarandi:

https://www.mk.is/static/files/skyrslur/stefnumotun_mk_rikisadila_2024_2026.pdf

KJARNASTARFSEMI, MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG AÐGERÐIR

- AUKA GÆÐI NÁMS OG KENNSLU
- UNDIRBÚA NEMENDUR UNDIR ÁFRAMHALDANDI NÁM OG STARF
- FJÖLGA NEMENDUM Í STARFSNÁMI

KJARNASTARFSEMI, REKSTRARÞÆTTIR

- AUKIN SKILVIRKNI
- AUKA STARFSÁNÆGJU OG DRAGA ÚR LANGTÍMAVEIKINDUM
- DRAGA ÚR UMHVERFISÁHRIFUM

MK starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi námskrá. Skólinn leggur ríka áherslu á að veita nemendum öfluga menntun í námsumhverfi þar sem nemendum líður vel og læra hvernig taka á ábyrgð á eigin námi. Inntökuskilyrði eru tilgreind á heimasíðu skólans. Skólanámskrá skólans er rafræn og í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin er í stöðugri þróun og tekur breytingum ár frá ári. Námsbraut í leiðsögunámi hefur verið endurskoðuð og er í samþykktarferli hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Með fjölbreyttu námsframboði í bók- og starfsnámi fyrir breiðan hóp nemenda tekur MK þátt í vinnu að meginmarkmiðum stjórnvalda um að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

AUKA GÆÐI NÁMS OG KENNSLU

MK leggur ríka áherslu á að veita nemendum öfluga menntun í námsumhverfi þar sem nemendum líður vel. Aðgerðir til að ná þessu markmiði voru að mynda rými fyrir þverfaglegan hóp kennara sem tók þátt í samtali um kennsluhætti og hvernig best er að þróa þá, könnun um starfspróun kennara var útbúin með það að markmiði að hvetja til starfspróunar og að kennarar deili reynslu sín á milli. Í tengslum við þessa könnun hafa kennarar boðist til þess að vera með kynningar á ýmsum gagnlegum aðferðum sem nýtast í námi og kennslu. Auk þess var nemendalýðræði eftl m.a. með rýnifundum. Erfitt reyndist að fá nemendur til að taka þátt í rýnifundum en þeir fáu nemendur sem tóku þátt, komu með góðar ábendingar sem skólinn vinnur úr. Notast var við mælikvarða s.s. nýnemakönnun þar sem markmiðið var að 85% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum. 90% nemenda líður vel í skólanum samkvæmt könnuninni og er það ánægjulegt. Ná átti betra svarhlutfalli í áfangamati en erfitt reynist að fá nemendur til að taka þátt í könnunum. Áfram verður unnið í að fá nemendur til að taka virkan þátt í umræðum og könnunum um skólastarfið. Kennarar verða áfram hvattir til þess að þróa sig í starfi m.a. með því að ígrunda kennsluaðferðir í sameiningu þannig að sem bestur árangur náist í námi og kennslu.

UNDIRBÚA NEMENDUR UNDIR ÁFRAMHALDANDI NÁM OG STARF

Stefna skólans er að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Aðgerðir snérust um að mæla hlutfall og gengi þeirra sem hefja háskólanám með könnun meðal útskrifaðra nemenda í bóknámi. Auk þess átti að mæla ánægju með undirbúning í matvælagreinum fyrir störf á þeim vettvangi með því að setja upp rýnihópa útskrifaðra nemenda. Vegna fjölda verkefna, manneklu og umfang verkefnis náðist ekki að klára þessar aðgerðir en áfram verður unnið með þær.

FJÖLGA NEMENDUM Í STARFSNÁMI

Fjölga þarf nemendum í matvælagreinum skólans en greinar eins og framreiðsla og kjötið hafa átt undir högg að sækja. Til stóð að þróa lotubundið nám í kjötið og framreiðslu en beðið var með það, þar sem ekki náðist að kenna verklega kjötið haustið 2024. Framreiðslunám hefur verið í naflaskoðun hjá deild framreiðslukennara og enn er unnið í því að skoða hvernig best er að betrumbæta það. Auk þess stendur enn vinna yfir hvernig best er að þróa grunndeild matvæla- og ferðagreina. Nokkrar bóklegar greinar tengdar starfsnámi voru kenndar með fjarnámssniði og hentaði það nemendum vel. Það fyrirkomulag verður áfram þróað. Á lokum var viðmið í stefnumiðaðri áætlun sett um að 175 nemendur á önn yrðu skráðir í starfsnám. Á vorönn 2024 voru 211 nemendur skráðir í starfsnám og 176 nemendur á haustönn 2024.



AUKIN SKILVIRKNI

Til þess að auka skilvirkni í skólanum var sú aðgerð sett í gang að fræða nemendur og iðnmeistara um mikilvægi rafrænna ferilbóka og samninga þar sem markmiðið var að koma öllum nýjum samningum í rafrænt form. Mælikvarðinn er að allir nemar séu komnir með rafræna ferilbók í Innu og rafrænan samning. Í lok árs 2024 voru flest allir nemendur sem innrituðust í skólann með rafræna ferilbók. Á haustönn 2024 var svo hafist handa við að undirbúa meistaradag þar sem markmiðið var að iðnmeistarar, nemar, lðan, Nemastofa, Matvís og skólinn myndu koma saman og fara yfir allt sem tengist samningsbundnu iðnnámi og mikilvægi rafrænna ferilbóka og samninga.

AUKA STARFSÁNÆGJU OG DRAGA ÚR LANGTÍMAVEIKINDUM

Eitt meginmarkmið stjórnenda á árinu 2024 var að auka starfsánægju en það var gert m.a. með því að hlusta á rödd starfsfólks með auknu samráði og samtölum m.a. varðandi aðbúnað, vinnuskilyrði og ákvarðanatöku er snýr að starfsfólki. Mælikvarðinn var starfsánægjukönnunin Stofnun ársins. Miðað var við að ná 4,1 í heildareinkunn en sú einkunn var 4,33. Miðað var við 4,3 í starfsanda en niðurstaðan var 4,51, hvað vinnuskilyrði varðar vildi skólinn ná einkunninni 4,2 en fékk 4,27 og að lokum var miðað við 4,0 í stjórnun en þar náðist einkunnin 4,47. Skólinn bætti sig því í öllum þáttum, fékk titilinn fyrirmyndarstofnun og lenti í öðru sæti í Stofnun ársins meðal ríkisstofnana með 90 eða fleiri starfsmenn. Mikil ánægja er með þennan árangur og áfram verður unnið að því að tryggja starfsánægju. Að lokum dró einnig úr langtímaveikindum sem hafði jákvæð áhrif á rekstur skólans.

DRAGA ÚR UMVERFISÁHRIFUM

MK leitast við í öllu starfi sínu að sinna umbótum í umhverfis- og loftlagsmálum. Helstu aðgerðir á árinu snérust um að endurnýja kæli- og frystivélabúnað skólans og koma afurðum sem falla til í kennslu í verð eða í notkun mótuneytis. Kæli- og frystivélabúnaður skólans var endurnýjaður en nánar má lesa um þá aðgerð í kaflanum „Kæli- og frystivélabúnaður skólans endurnýjaður“. Afurðir sem féllu til í kennslu voru nýttar í mótuneyti skólans en mikil samvinna á sér stað á milli allra matvælagreina skólans og mótuneyti hans. Auk þess er allur heitur matur sem nemendur kaupa í mótuneyti skólans vigtaður sem hefur dregið úr matarsóun. Unnið var að þriðja græna skrefinu í ríkisrekstri og vonast er til að því verði náð á árinu 2025.



NEMENDATÖLUR

ÁRSNEMENDUM MK HEFUR FJÖLGAÐ JAFNT OG ÞÉTT SÍÐUSTU ÁR. MEÐ TILKOMU AFREKSÍPRÓTTASVIÐS HAUSTIÐ 2019 HEFUR AÐSÓKN VIÐ SKÓLANN AUKIST GRÍÐARLEGA. RÚMLEGA 300 NEMENDUR STUNDA NÚ NÁM Á AFREKSÍPRÓTTASVIÐI.

Á vorönn 2024 voru 970 nemendur í námi við skólann og í upphafi haustannar 2024 voru 1080 nemendur skráðir í skólann. Fjöldi nemenda á starfsbraut hefur aukist margfalt á síðustu tveimur árum og haustið 2024 voru 36 nemendur á brautinni.

Námslína	Vorönn 2024	Haustönn 2024
Félags- og hugvísindabraut	106	122
Opin braut	304	327
Raungreinabraut	58	93
Viðskipta- og hagfræðibraut	138	170
Framhaldsskólabrú*	37	58
Starfsbraut	26	36
Grunndeild matvælagr.	45	39
Bakaraiðn**	17	14
Framreiðsla	30	23
Kjötiðn	11	3
Matreiðsla	54	63
Meistaránám iðngr.***	42	32
GMV2, fagnámskeið	15	15
Matartæknánám***	1	18
Matsveinánám***	29	14
Leiðsögunám	57	53
Nemendur alls	970	1080

Kynjahlutfall nemenda í
skólanum:
KK: 57%
KVK: 43%

Haustið 2024 voru 320
afreksípróttanemendur í
MK. Það eru 27,5% af
nemendum skólans.
KK: 232 (72,5%)
KVK: 88 (27,5%)

*Framhaldsskólabrú er þriggja anna nám.

**Annar bekkur kenndur að hausti og þriðji bekkur að vori.


***Eingöngu innritað að hausti til.

Brautskráning


ÁRIÐ 2024 BRAUSTSKRÁÐUST 47 NEMENDUR AF AFREKSÍÞRÓTTASVIÐI EÐA 42% NÝSTÚÐENTA. AF ÞEIM VORU 12 STÚLKUR EÐA 26% OG 35 PILTAR EÐA 74%. MEÐALEINKUNN NEMENDA Á AFREKSÍÞRÓTTASVIÐI VAR HÆRRI EN ÞEIRRA SEM EKKI VORU Á AFREKSÍÞRÓTTASVIÐI.

Alls voru 270 nemendur brautskráðir á árinu 2024, 191 í maí og 79 í desember. Konur sem brautskráðust voru 123 og 147 karlar. Af stúdentsbrautum brautskráðust 64 karlar en 43 konur, fleiri karlar brautskráðust úr iðngreinunum til sveinsprófs og meistaranámi en fleiri konur úr matsveina- og matartæknanámi. Kynjahlutfallið var svipað hjá brautskráðum úr leiðsögunáminu.

Stúdentar




Iðnnemar



Brotthvarf


Nemendur hverfa frá námi á hverri önn af ýmsum ástæðum. Algengastar eru andleg veikindi, brottrekstur vegna mætingar eða að nemendur skipta um skóla. Stöðugt er unnið að því að draga úr brotthvarfi. Brotthvarf nýnema, samkvæmt skýrslu unninni af Mennta- og barnamálaráðuneyti, fyrir skólaárið 2023-2024, var 8,3%. Vert er að benda á að í þessari tölu er ekki tekið tillit til grunndeildar matvæla- og ferðagreina en sú námsbraut er ekki með eiginleg námslok heldur er hún undirbúningsnám fyrir frekara nám á framhaldsskólastigi.



STARFSFÓLK

Á vorönn störfuðu á 63 einstaklingar á kennslusviði, þar af voru 43 konur og 20 karlar. Tíu kennarar sinntu einnig deildarstjórn samhliða kennslu (fimm konur og fimm karlar). Á haustönn var aukning á innrituðum nemendum og þá störfuðu 67 einstaklingar á kennslusviði, þar af 44 konur og 23 karlar. Þá sinntu sex konur og fjórir karlar deildarstjórn. Nær allir kennarar eru með gild kennsluréttindi.

Meðalaldur kennara er í kringum 50 ár (52 ár V24, 50 ár H24).



Nokkrar breytingar urðu á þjónustusviði skólans milli skólaára.

Stjórnendur eru sex: skólameistari (kvk 49 ára sem var skipuð formlega af ráðherra frá og með 1. ágúst 2024 en hafði leyst fyrrum skólameistara, Guðríði Eldey Arnardóttur, af í námsorlofi hennar), aðstoðarskólameistari (kvk 56 ára, tók formlega við 1.des en hafði gegnt starfinu í afleysingum frá 1. ágúst 2023), framkvæmdastjóri Hótel- og matvælskólans (kk 40 ára), áfangastjóri (kvk 49 ára, tók formlega við 1. des en hafði gegnt starfinu í afleysingum frá 1. ágúst 2023), náms- og skrifstofustjóri (kvk 53 ára) og kennslustjóri í 75% starfi (kvk 55 ára).

Annað starfsfólk á þjónustusviði voru alls 30: fjármálastjóri (kvk 63 ára), innkaupastjóri (kk 65 ára), forstöðumaður bókasafns (kvk 57 ára) og starfsmaður í hlutastarfi (kvk 63 ára), sálfræðingur (kvk 38 ára) þrír náms- og starfsráðgjafar (kvk, 52 ára, kvk 43 ára sem hóf störf 1. ágúst 2024 og kvk 35 ára sem tók við starfinu 1. ágúst 2024 af kvk 52 ára sem lét af störfum 31.7.2024), fagstjóri leiðsögunáms (kvk 59 ára), fagstjóri afreksíþróttasviðs (kk 48 ára) tveir

sérkennarar deildu með sér 30% starfi deildarstjóra starfsbrautar (kvk 58 ára og 56 ára), einn sérkennari (kvk 53 ára, ráðin 1. ágúst) tveir þroskþjálfar (kvk 54 ára og kvk 36 ára, ráðin 1. ágúst), þrír stuðningsfulltrúar í 100% starfshlutfalli (kk 53 ára, kk 32 ára og kvk 22 ára), kerfisstjóri (kk 29 ára), umsjónarmaður fasteigna (kk 58 ára), tveir þjónustufulltrúar á skrifstofu (kvk 57 ára og kvk 19 ára í afleysingar frá 1. ágúst), yfirmaður þjónustusviðs (kvk 51 árs), fimm þjónustuliðar (kvk 66 ára, 2 kvk 56 ára, kvk 49 ára og kvk 39 ára) forstöðumaður mötuneytis (kvk 49 ára) og þrír starfsmenn (kvk 44 ára, lauk störfum 1. maí, kvk 42 ára og kvk 32 ára).



FJÁRMÁL OG REKSTUR

- Á árinu 2024 var farið í umfangsmikla vinnu til þess að vinna á móti hallarekstri skólans. Helstu aðgerðir:
- Yfirvinna var skorin niður og verkefnum deilt niður á fleiri hendur
 - Fámennir áfangar voru ekki kenndir og valáföngum var fækkað
 - Hópastærðir endurskoðaðar þar sem hægt var til að draga úr yfirvinnu
 - Kostnaður við nýnemaferð endurskoðaður
 - Rútukostnaðnaði var stillt í hóf
 - Öll innkaup endurskoðuð og stærri pantanir gerðar í einu
 - Haldið var áfram með að skipta út glóperum fyrir sparperur
 - Kæli- og frystivélabúnaður endurnýjaður m.a. til að draga úr rekstarkostnaði
 - Starfsmönnum í mötuneyti fækkað og aukin sjálfsafgreiðsla innleidd

Rekstur MK var í jafnvægi á árinu 2024. Fjárveitingar til skólans voru hækkaðar og skýrist það helst af því að nemendaígildum var fjölgað og starfsbraut skólans stækkuð úr 25 nemendum í 36. Launagjöld hækkuðu um 5% á árinu og endurspeglar það áhrif kjarasamninga en kennarar fengu hækkun í lok árs sem taldi frá 1. apríl til ársloka þótt ekki væri búið að semja. Kostnaður við rafmagn og hita hækkaði um rúm 13% á árinu, en húsaleigan er vísitölubundin. Langtímaveikindi starfsmanna hafa minnkað og hefur það haft jákvæð áhrif á afkomu skólans á árinu 2024.

Samanburður árin 2024 - 2023				
í m.kr.				
Tekjur	2024	2023	Frávik	%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.795,7	1.572,4	223,3	14%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	27,8	26,3	1,5	6%
Sértekjur og aðrar rekstrartekjur	167,6	170,5	-2,9	-2%
Samtals	1.991,1	1.769,1	221,9	13%
Gjöld				
Laun	1.407,8	1.335,4	72,5	5%
Húsnæði	403,7	373,1	30,5	8%
Annar rekstrarkostnaður	151,9	160,7	-8,8	-5%
Afskriftir	27,8	26,3	1,5	6%
Samtals	1.991,2	1.895,5	95,7	5%
Afkoma (-tap) ársins	-0,2	-126,4		

STJÓRNUN

KÆLI- OG FRYSTIVÉLA- BÚNAÐUR ENDURNÝJAÐUR

Í upphafi árs 2024 var ráðist í þá stórfamkvæmd að endurnýja kæli- og frystivélbúnað skólans. Endurnýja þurfti 15 kæliklefa og sex frystiklefa. Þáverandi kerfi var frá árinu 1996 og með kælimiðli sem var ákaflega óumhverfisvænn og ólöglegt að flytja hann inn sökum þess. Þar sem verkefnið var viðamikið leitaði skólinn til Ríkiskaupa (nú Fjársýslan) og í framhaldinu var ákveðið að fara leið sem kallast Opinber nýsköpun. Leiðin gengur út á að núverandi stöðu er lýst og óskað er eftir lausnum sem bæta starfsemi og árangur á vinnustaðnum. Skólinn útbjó þarfalýsingu sem fólst m.a. í því að lækka kolefnisspor skólans og hvernig kæla þurfi ákveðin rými, án þess að setja fram skilgreinda aðferð. Leiðin var löng og ströng en vegna umfangs verkefnisins var farið m.a. í markaðskönnun á EES svæðinu. Um 30 aðilar sóttu gögn í markaðskönnuninni en þrír aðilar skiluðu inn hugmyndum að raunhæfum lausnum. Í framhaldinu voru gerð útboðsgögn og þessum þremur aðilum boðin þátttaka. Sú lausn sem varð fyrir valinu var kælimiðill úr CO₂ eða kolsýru/koldíoxíð. Umhverfisstuðull hennar er 1 á meðan umhverfisstuðull eldri kælimiðils skólans var 275.450. Eitt meginmarkmið skólans í verkefninu var að lækka kolefnisspor hans sem tókst með eindæmum vel, auk þess sem rekstrarkostnaður vélbúnaðarins hefur lækkað umtalsvert frá fyrri vélbúnaði. Verkefnið gekk ákaflega vel í heild sinni og óskaði Fjársýslan eftir því að skólinn kynnti verkefnið fyrir öðrum ríkisstofnunum á svokölluðum reynslumiðlunarfundi opinberra frumkvöðla. Verkefninu lauk á haustmánuðum ársins 2024.

HEIMASÍÐA

Á vordögum 2024 var ljóst að heimasíða skólans byggði á kerfi sem var orðið úrelt og þyrfti endurnýjun. Kerfisstjóri og kennslustjóri sáu um að flytja efni yfir á nýju síðuna. Nýja viðmótið veitir betri yfirsýn og er aðgengilegra umsjónarmönnum vefsins. Vefurinn opnaði formlega sumarið 2024. Ásamt fyrrnefndum breytingum á vefsíðum skólans var farið í breytingar á uppsetningu efnis. Sú vinna stendur enn yfir. Kennslustjóri er ritstjóri heimasíðunnar.

INNRA MAT

Haustið 2024 var auglýst eftir áhugasömum kennurum í sjálfsmatshóp til að endurskoða allt innra mat skólans. Auk verkefnastjóra gæðamála tóku fjórir kennarar þátt í vinnunni. Hópurinn endurskoðaði spurningarnar í áfangamati sem lagt er fyrir alla námshópa á hverri önn. Lagt var til að spurningum yrði breytt og hver áfangi tekinn fyrir á þriðju hverju önn. Þessir áfangar yrðu rýndir sérstaklega og kennarar viðkomandi áfanga teknir í starfsmannasamtal í kjölfarið. Hópurinn lagði til að könnun yrði gerð á hverju ári meðal nemenda um félagslífið, sérstök foreldrakönnun framkvæmd meðal foreldra á starfsbraut og könnun lögð fyrir nemendur í Leiðsöguskóla og í meistaranámi. Þá yfirfór hópurinn spurningar í stoðþjónustukönnun sem lögð hefur verið reglulega fyrir nemendur skólans.

Á hverri haustönn er lögð fyrir nýnemakönnun, auk þess ákvað stjórnendateymið að setja saman stutta könnun sem lögð verður fyrir kennara í byrjun ársins 2025. Markmiðið með könnuninni er fyrst og fremst til að efla lærdómssamfélagið innan skólans.

UMHVERFISMÁL

MK hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu og leitast við í öllu starfi sínu að sinna umbótum í umhverfis- og loftslagsmálum. Stefnunni er fylgt eftir með þriggja ára aðgerðaráætlun sem er endurskoðuð árlega. Stefna skólans er m.a. að stuðla að heilbrigðum og vistvænum lífsstíl nemenda og starfsfólks, endurnýtingu, endurvinnslu og draga úr úrgangsmýndun. Aðalmarkmið skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda að lágmarki um 45% miðað við árið 2019 til ársins 2030.

Í skólanámskrá MK er eitt af meginmarkmiðunum áhersla á umhverfis- og loftslagsmál. Umhverfisfræði er skylduáfangi á öllum bóknámsbrautum skólans og í starfsnámi er áhersla lögð á að samtvinna fræðslu og aðgerðir til að auka líkur á að allar ákvarðanir séu teknar með sjálfbærni í huga.

Umhverfisdagur var haldinn á haustönn en tilgangur hans er að auka umhverfisvitund nemenda og vekja athygli þeirra á því sem þeir geta sjálfir gert til að vernda umhverfið. Að þessu sinni var áhersla lögð á matarsóun og fengu nemendur verkefni því tengt til að leysa. Nemendur tóku þátt í plockk-keppni og boðið var upp á diskósúpu í hádeginu. Til að vinna gegn matarsóun er heitur matur seldur eftir vigt og í lok dags geta nemendur og starfsfólk keypt það sem umfram verður frá hádeginu á góðu verði.

MK tekur þátt í verkefninu Græn skref ríkisstofnana og er skólinn kominn með viðurkenningu á tveimur skrefum. Vinna er hafin við þriðja skrefið og einn liður í því var að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Markmiðið er að ljúka þriðja skrefinu á næsta skólaári.

KRÝSUVÍK

Kennsla í Krýsuvík var með hefðbundnu sniði vorönn og haustönn 2024. Ánægja er með starfsemi MK í Krýsuvík og er það mat kennara og meðferðarfulltrúa að kennslan sé mikilvæg í endurhæfingu heimilismanna. Kennsla hefur undanfarin ár verið eftir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum. Fjórir kennarar hafa séð um kennsluna og kennslugreinarnar sem kenndar voru á þessu ár eru íslenska, enska, félagsfræði og stærðfræði. Kennslan er einstaklingsbundin og fer eftir þörfum og getu hvers og eins.




STARFSBRAUT

STARFSBRAUT MK VAR STOFNUÐ HAUSTIÐ 2019 OG VAR HÚN EINGÖNGU HUGSUÐ FYRIR NEMENDUR Á EINHVERFURÓFI. ÞÁ HÓFU 6 NEMENDUR NÁM Á STARFSBRAUT.

Haustið 2023 fjölgaði nemendum úr 16 í 26 og haustið 2024 voru þeir orðnir 36. Í kjölfarið þurfti að ráða þriðja sérkennarann og annan þroskajálfa og auk þess þurfti að bæta við kennslustofum. Starfmenn starfsbrautar eru átta talsins en auk þess kenna 3-4 almennir kennarar einnig inni á starfsbraut á hverri önn. Námið á starfsbraut er fjölbreytt og hefur tekið miklum breytingum í takt við breytta nemendahóp. Nemendum, sem það geta, býðst að stunda almennt nám með stuðningi. Mikill tími kennara á starfsbraut fer í að sinna almennri vellíðan nemenda, samskiptum við heimilin og hinar ýmsu stofnanir.

Markmiðið með brautinni er að leggja áherslu á að stuðla að alhliða þroska nemenda, auka sjálfstraust þeirra, sjálfstæði og samskiptahæfni svo þeir geti verið virkir borgarar í framtíðinni. Auk hefðbundna greina er lögð áhersla á hreyfingu, heilbrigði, matreiðslu, bakstur, framreiðslu, lýðheilsu, myndlist, næringarfræði, kynjafræði og samfélagsfræði.



NÁM OG FÉLAGSLÍF

MK-INGAR TAKA ÞÁTT Í HELSTU VIÐBURÐUM OG KEPPNUM Á VEGUM FÉLAGS ÍSLENSKRA FRAMHALDSSKÓLANEMA: GETTU BETUR, SÖNGVAKEPPNI, ÍÞRÓTTA-KEPPNUM OG “UNGIR FRUMKVÖÐLAR”

Vorið 2024 hófst með þátttöku nemenda í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur en keppnislið MK komst í aðra umferð. Leikfélag NMK setti upp leikritið DNA undir leikstjórn Stefáns Benedikts Vilhelmssonar og var Eypór Eiríksson, kennari, aðstoðarmaður hans. Viktoría Björt Jónsdóttir tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd NMK í byrjun apríl og í seinni hluta apríl var árshátið nemendafélagsins haldin með pomp og prakt. Á haustönn 2024 tók ný stjórn við nemendafélaginu og þeirra fyrsta verkefni var að skipuleggja nýnemaferð sem var farin í lok ágúst. Að þessu sinni var farið í dagsferð að Úlfjótssvatni þar sem farið var í hópeflisleiki, um kvöldið var svo boðið upp á spilakvöld í MK. Nemendafélagið stóð auk þess fyrir tveimur skólaböllum, bleika deginum og íþróttamóti í samstarfi við aðra framhaldsskóla. Forvarnir eru mikilvægar og hafa starfsmenn MK unnið að því markmiði að stuðla að bættri líðan allra innan veggja skólans. Félagslífs- og forvarnarfulltrúi vinna náið saman og koma meðal annars að skipulagningu nýnemaferðar, að dansleikjum á vegum skólans sem og annarra nemendaviðburða á vegum skólans. Allir nýnemar blása í áfengismæla við innganginn á öllum skóladansleikjum og geta skráð nafn sitt í edrúpott. Eldri nemendum gefst einnig kostur að blása og skrá nafn sitt í edrúpottinn. Dregið er úr pottinum eftir hvern dansleik og verðlaun veitt.

Foreldrafélag Menntaskólans í Kópavogi var endurvakið haustið 2024 en það hafði legið í dvala frá Covid tímanum. Þrír foreldrar nýnema gáfu kost á sér í félagið og hefur félagið fundað bæði með skólameistara og forvarnarfulltrúa skólans. Félagið setti sér starfsreglur en þær má finna á heimasíðu skólans. Á haustönn 2024 var foreldrum/forráðamönnum barna undir 18 ára boðið í fyrsta sinn að greiða í forvarna- og fræðslusjóð skólans. Foreldrafélag skólans ákveður í samvinnu við nemendur skólans, forvarnafulltrúa og stjórnendur skólans í hvers konar verkefni sjóðurinn er nýttur. Á haustönn sá sjóðurinn t.d. um að kaupa vinninga fyrir edrúpott og haldnir voru fyrirlestrar um málefni sem nemendur óskuðu eftir. Málefnið að þessu sinni voru klámfíkn og endó.

Samstarf var tekið upp við Molann, miðstöð unga fólksins í Kópavogi, þar sem nemendum býðst að hittast á kvöldin og spila, spjalla o.fl.

Hefð er fyrir því í MK að kennarar í m.a. matvælagreinum, íslensku, jarðfræði, líffræði, í viðskiptagreinum og félagsgreinum brjóti upp kennslu með því að fara með nemendur á Njáluslóðir, skoði ný og eldri hraun, flekaskil og háhitasvæði, fari í fjöruferð, heimsæki Alþingi, Landsrétt, fjölmiðlafyrirtæki, stærri viðskiptafyrirtæki sem og hótél og iðnaðar- og matvælafyrirtæki.

Á hverju ári taka nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut þátt í verkefninum Ungir frumkvöðlar í gegnum áfangann frumkvöðlafæði. Að þessu sinni komst eitt fyrirtæki úr MK í úrslit keppninnar. Það var fyrirtækið Gæðafiskur sem hannaði laxa jerky. Sex lið úr MK tóku þátt í keppninni að þessu sinni og sýndu afraksturinn bæði á opnu húsi í MK og í Smáralind þar sem flest lið framhaldsskólanna voru með sýningarbása.

Nemendur hafa verið duglegir að taka þátt í ýmsum keppnum. Á árinu 2024 áttum við fulltrúa í Norrænu stærðfræðikeppninni, í Eystrasaltskeppninni í stærðfræði og í landskeppninni í eðlisfræði. Ennfremur tóku nemendur þátt í Slow food, heimsmeistaramóti ungra bakara, matarfundi í Danmörku, Kornaxkeppni, Köku ársins, Street food o.fl.



STARFSÞRÓUN Í MK

MK hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiði sínu er áhersla lögð á framboð endurmenntuar og fjölbreytt starfsþróunartækifæri fyrir starfsmenn skólans.

Frá hausti 2023 hefur hópur kennara ásamt stjórnendum verið virkir í eigin starfsrýni. Ytri ráðgjafi, dr. Hafþór Guðjónsson, hefur leitt hópinn sem hittist einu sinni í mánuði á starfstíma skólans. Hópurinn samanstóð í byrjun af 3-4 kennurum ásamt tveimur stjórnendum en haustið 2024 bættust 12-15 þátttakendur í hópinn. Lögð hefur verið áhersla á að meðlimir hópsins læri hver af öðrum og hjálpi hver öðrum til að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun þvert á námsgreinar og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Afraksturinn hefur svo verið kynntur á kennarafundum.



LEIÐSÖGUSKÓLINN

Leiðsöguskólinn heldur utan um stutt endurmenntunarnámskeið fyrir Fræðslunefnd Leiðsagnar, félags leiðsögumanna. Árið 2024 voru haldnir fjórir fyrirlestrar fyrir félagsmenn um ólík málefni sem dýpka þekkingu starfandi leiðsögumanna. Þetta fyrirlestrahald er skemmtileg tilbreyting í starfsemi skólans og góð tenging við félagið.

Tvö kjörsvið voru í boði í Leiðsöguskólanum á vorönn, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Í almennri leiðsögn eru nemendur undirbúnir undir það að leiðsegja erlendum ferðamönnum í rútuferðum. Segja má að farinn sé hringurinn í kringum landið í kennslustundum annarinnar þar sem kennari fræðir nemendur um hvað sé frásagnarvert og skoðunarvert á hverjum stað. Námi í almennri leiðsögn lýkur með hringferð um landið þar sem nemendur skiptast á að leiðsegja. Gönguleiðsögunemar eru fyrst og fremst þjálfaðir í að fara með ferðamenn í lengri og styttri gönguferðir en fá líka þjálfun í að leiðsegja í rútu. Mikil áhersla er lögð á verklega þjálfun, í lok annar er farið í fimm daga gönguferð um óbyggðir sem nemendur skipuleggja sjálfir undir handleiðslu kennara. 34 nemendur útskrifuðust frá skólanum, 22 úr almennri leiðsögn og 12 gönguleiðsögumenn.

Á haustönn hófu 55 nemendur nám. Margir kjósa að dreifa náminu á tvö skólaár. Kennt var í fyrsta skipti samkvæmt nýrri námskrá en hún er í samþykktarferli í Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Áhersla er lögð á þjálfun í frásögn á kjörtungumáli, fjöldi tungumálakennara fer eftir kjörtungumálum nemenda en miðað er við að a.m.k. þrír nemendur séu í hverjum hópi. Enska var langvinsælasta tungumálið. Engar breytingar voru á kennarahópi skólans. Fjöldi gestafyrirlesara og prófdómara komu að skólastarfinu.



ERLENT SAMSTARF

MK tekur þátt í alþjóðastarfi og er erlent samstarf hluti af skólastarfinu. Við skólann starfar alþjóðafultrúi í hlutastarfi sem sér um styrkumsóknir og allt ut anumhald með erlendum verkefnum skólans. MK er með VET Mobility Charter vottun í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB og auðveldar þessi gæðastimpill alla áætlanagerð. Þar með er hægt að skapa meiri festu í erlent samstarf.

MK er í samstarfi við skóla í Frakklandi og Danmörku. Áhugaverðir og spennandi staðir fyrir bæði verknámskennara okkar og nemendur til að starfa í og heimsækja. Þessir skólar bjóða upp á svipuð fög og kennd eru í Hótel- og matvælaskólanum í MK. Við höfum tekið á mótí nemum í starfsþjálfun frá Lyon í Frakklandi og sendum fyrstu nemendurna til þeirra vorið 2024. Vegna Erasmus+ styrkja getum við sent nemendur erlendis til að afla sér starfsreynslu í sínu fagi. Með hverju ári eykst áhugi nemenda á starfsnámi erlendis sem er ánægjulegt. Fimm nemendur fóru í starfsþjálfun til Danmörku, Noregs, Frakklands, Spánar og Englands. Nemendur dvöldu allt frá fjórum vikum til þriggja mánaða og einn nemandi fékk tækifæri til að vinna á tveimur ólíkum stöðum. Nemendur ná að víkka sjóndeildarhring sinn og eru reynslunni ríkari.

Kennarar MK hafa einnig fengið tækifæri til að afla sér þekkingar erlendis með styrkjum frá Erasmus+. Annað hvert ár fer forstöðumaður bókasafns með hópi bókasafnsfræðinga erlendis til að skoða og kynna sér helstu tækni og nýjungar í Evrópu. Í þetta sinn var farið til Svíþjóðar. Kennari í framreiðsludeild fór til Ítalíu þar sem hann tók þátt í vinnustofum í því helsta sem er að gerast í faginu, þ.a.m. sjálfbærni.

Við leitumst við að gefa nemendum tækifæri til að upplifa þá einstöku reynslu sem felst í því að reyna fyrir sér erlendis í sínu fagi. Aukin þekking felst ekki bara í því að kynnast erlendum vinnustað því nemendur kynnast einnig nýju tungumáli, umhverfi og menningu. Það er einnig mikilvægt fyrir kennara skólans að fá tækifæri til sí- og endurmenntunar og styrkir þá í starfi og ýtir undir nýjungar í kennslu.



PRÓFÍLL MK

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

MK er skóli með rúmlega 1000 nemendur og í kringum 100 starfsmenn í 10.126 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2024 voru 890.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi.

Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félags- og hugvísindabraut, opin braut, raungreinabraut, viðskipta- og hagfræðabraut, grunndeild í matvæla- og ferðagreinum, nám í bakstri, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Meistaránám í matvælagreinum, matsveina- og matartæknánám og leiðsögunám. Þá er framhaldsskólabrú og sérnámsbraut við skólann með vísan í framhaldsskólalög og lög um málefni fatlaðra. Nemendum, sem stunda íþróttir innan ÍSÍ, gefst auk þess tækifæri á að stunda nám á afreksíþróttasviði skólans.

Framkvæmd markmiða:

Markmiðum í stefnuskjali frá 2023 var fylgt eftir á árinu 2024. Sum þeirra hafa náðst að fullu en önnur eru áfram í farvegi. Stefnuskjalið var uppfært haustið 2024 til næstu þriggja ára.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar á skólaárinu fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem skilað er til mennta- og barnamálaráðuneytisins, síðast í júní 2024. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef skólans. Unnið hefur verið að fjölbreyttum umbótamarkmiðum. Auk þess var ákveðið að auka þjónustu við nemendur með því að hækka starfshlutfall í náms- og starfsráðgjöf.

Úttektir:

Skólinn fékk niðurstöður úr ytri úttekt mennta- og barnamálaráðuneytisins árið 2023 en matið fór fram seinni hluta ársins 2022. Skýrsla úttektaraðila er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Afkoma, rekstraraðstaða:

Ársvelta á árinu 2024 var 1.991,2 milljónir kr. samanborið við 1.895,5 milljónir kr. árið 2023 og afkoman batnaði mikið á milli ára.

Brotthvarf:

Brotthvarf nemenda í MK var 8,3% á skólaárinu 2023-2024, skv. bráðabirgðatölum MRN. (Skilgreining MRN. á brotthvarfi: Það hlutfall nemenda (nýnema) sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla.

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, Guðríðar Hrundar Helgadóttur, ásamt aðstoðarskólameistara, Helene H. Pedersen, framkvæmdastjóra Hótel- og matvæla- og matvælagreina, Haraldar Jóhanns Sæmundssonar, áfangastjóra, Erlu Hlímar Helgadóttur, náms- og skrifstofustjóra, Sigríðar Guðrúnar Sveinsdóttur og kennslustjóra, Hildar Þórsdóttur.

Samvinna við aðra:

Samvinna við íþróttafélögin vegan afreksíþróttasviðs. Samvinna við lðuna fræðslusetur, Matvís, SAF, Nemastofu og fyrirtækja í matvæla- og veitingageira vegna náms í hótél- og matvælagreinum. Samvinna við grunnskóla Kópavogs vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanema. Skólinn er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Samstarf við Landvernd vegna Grænfánaverkefnis, Umhverfisstofnunar um græn skref ríkisstofnana og Leiðsögn, félagsleiðsögumann.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

MK er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli. Í verknámi er hægt að leggja stund á bakstur, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu og einnig er í boði meistaránám fyrir hótél- og matvælagreinar. Þá er í boði dreifnám í matsveina- og matartæknánámi og kvöldnám í leiðsögn. Við skólann er einnig starfrækt grunndeild matvæla og ferðagreina, framhaldsskólabrú og starfsbraut.

Sérstaða MK felst í fjölbreyttu námsframboði og afreksíþróttasviði í samstarfi við íþróttafélögin í Kópavogi og sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf. Áhersla er lögð á vellíðan nemenda og starfsfólks og persónulegri þjónustu við nemendur.

STARFSFÓLK SKÓLANS ÁRIÐ 2024

Stjórnendur

Erla Hlín Helgadóttir

Guðríður Eldey Arnardóttir

Guðríður Hrund Helgadóttir

Haraldur J. Sæmundsson

Helene Houmøller Pedersen

Hildur Þórsdóttir

Sigríður Guðrún Sveinsdóttir

áfangastjóri

skólameistari

skólameistari

framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans

aðstoðarskólameistari

kennslustjóri

náms- og skrifstofustjóri

leyfi vorönn

Skólanefnd

Aðalmenn án tilnefningar

Eysteinn Pétur Lárusson

Svandís Dóra Einarsdóttir

Steinþór Jónsson

Aðalm. samkv. tiln. Kópavogsb.

Guðmundur Birkir Þorkelsson

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir

formaður

Varamenn án tilnefningar

Björg Baldursdóttir

Kristín Hermannsdóttir

Sigmar Ingi Sigurðsson

Varam. samkv. tiln. Kópavogsb.

Björg Baldursdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Áheyrnarfulltrúi kennara

Gerður Bjarnadóttir

Áheyrnarfulltrúi nemenda

Irena Ósk Bedia Skúladóttir

Áheyrnarfulltrúi foreldra

Tinna Björk Pálsdóttir

Annað starfsfólk

Ásdís Þóra Ágústsdóttir

Ásrún Á. Jónsdóttir

Daníel Ingi Guðmundsson

Dóra Björg Jónsdóttir

Elín G. Bergsdóttir

Elísa Þorsteinsdóttir

stuðningsfulltrúi

sálfræðingur

stuðningsfulltrúi

ritari

náms- og starfsráðgjafi

náms- og starfsráðgjafi

haustönn

haustönn

Elísabet H. Guðmundsdóttir
 Guðmundur Kristinn Jónsson
 Guðni Jónsson
 Gunnfríður Friðriksdóttir
 Helga Lind Hjartardóttir
 Helga Sigríður Eiríksdóttir
 Hildur Ösp Hafberg
 Hildur Ómarsdóttir
 Ingibjörg Jónsdóttir
 Ingibjörg Þórdís Þórisdóttir
 Iryna Novakovska
 Jenný Guðbjörg Hannesdóttir
 Katarzyna Baranowska
 Kristín Hrönn Þráinsdóttir
 Magnea Þorbjörg Einarsdóttir
 Maria Lilibeth T. Oriol
 Minming Wu
 Olena Kyselova
 Oleksandra Nesmianova
 Rolandas Mineika
 Rebekka Sif Rúnarsdótti
 Þórarinn Halldórsson
 Xueyi Li

fjármálastjóri
 innkaupastjóri
 stuðningsfulltrúi
 þjónustuliði
 náms- og starfsráðgjafi
 náms- og starfsráðgjafi
 þroskaþjálfari
 þroskaþjálfari
 forstöðumaður bókasafns/skjalastjóri
 náms- og starfsráðgjafi
 mötuneyti
 matreiðslumeistari mötuneytis
 þjónustuliði
 fagstjóri Leiðsöguskólans
 yfirmaður þjónustusviðs
 þjónustuliði
 þjónustuliði
 mötuneyti
 mötuneyti
 kerfisstjóri
 ritari
 umsjónarmaður fasteigna
 þjónustuliði

vorönn
 haustönn
 leyfi vorönn
 vorönn
 vorönn
 haustönn

Kennarar

Anna Fanney Ólafsdóttir
 Aron Már Björnsson
 Ásgeir Þór Tómasson
 Ásta Birna Ólafsdóttir
 Ásthildur Elín Guðmundsdóttir
 Bárður Guðlaugsson
 Baldur Sæmundsson
 Birgir Rafn Birgisson
 Caroline Nicholson
 Daði Rafnsson
 Dóra Svavarsdóttir
 Elfa Ingvadóttir
 Elín Hrund Heiðarsdóttir
 Elísabet Björnsdóttir
 Eva Dögg Kristbjörnsdóttir
 Eva Hrönn Stefánsdóttir
 Eygló Erla Þórisdóttir
 Eygló Ingólfssdóttir
 Eyþór Eiríksson
 Garðar Vilhjálmsson
 Gerður Bjarnadóttir
 Guðbjörn Sigurmundsson

stærðfræði
 afrekssvið
 bakstur
 starfsbraut
 bakstur
 framreiðsla
 framreiðsla
 íslenska
 enska
 afrekssvið
 matreiðsla
 stærðfræði
 spænska
 enska
 ísl. sem annað mál, sálfræði, uppl.tækni
 enska
 íslenska
 starfsbraut
 stærðfræði
 viðskiptagreinar
 íslenska
 íslenska

leyfi haustönn
 leyfi haustönn
 vorönn
 leyfi
 vorönn
 haustönn
 leyfi haustönn
 leyfi vorönn
 leyfi haustönn
 vorönn

Guðlaug Ragnarsdóttir	meistaránám, matsveina- og matartæknánám	leyfi vorönn
Guðný Jónsdóttir	matsveina- og matartæknánám	
Guðný Pálsdóttir	enska	
Guðrún Sjöfn Axelsdóttir	stærðfræði	
Guðrún Helga Gunnarsdóttir	starfsbraut	haustönn
Hallgrímur Sæmundsson	framreiðsla	
Haraldur Árni Þorvarðarson	bakstur	
Harpa María Wenger Eiríksdóttir	umhverfisfr. og ferðagreinar	leyfi haustönn
Hákon Sverrisson	stærðfræði	haustönn
Heiðrún Hjaltadóttir	enska	
Heimir Freyr Hálfðanarson	íslenska	
Helena Halldórsdóttir	sálfræði	
Hermann Þór Marinósson	matreiðsla	
Hildur Guðrún Hauksdóttir	danska	
Hinrik Carl Ellertsson	matreiðsla	
Hjalti Freyr Magnússon	íslenska	haustönn
Hjördís Einarsdóttir	félagsgreinar	
Hrafnhildur Pálsdóttir	stærðfræði	haustönn
Hrafnhildur Sigurðardóttir	stærðfræði	
Ingunn Gylfadóttir	danska	
Íris Dögg Gunnarsdóttir	enska	
Jóhannes Ægir Baldursson	framreiðsla	
Jóna Bjarnadóttir	efnafræði og eðlisfræði	
Jóna Björk Viðarsdóttir	næringarfr. og lýðheilsa	
Kristín Bjartmarsdóttir	viðskiptagreinar	
Kristín Hrund Reynisdóttir	bakstur	haustönn
Kristján Hallur Leifsson	kjötiðn	
Laufey Ófeigsdóttir	sálfræði	
Maren Davíðsdóttir	jarðfræði og umhverfisfr.	
Margrét Benediktsdóttir	þýska	
Margrét S. Sigurðardóttir	líffræði	
María Ben Ólafsdóttir	félagsgreinar	
María Hjálmtýsdóttir	kynjafræði og spænska	
Nanna Þóra Andrésdóttir	starfsbraut	
Ólafur Þór Þorsteinsson	saga	
Ragnheiður Lárusdóttir	íslenska	
Sara Pétursdóttir	íslenska	
Sigrún Ása Magnúsdóttir	íslenska	
Sigrún Guðmundsdóttir	viðskiptagreinar	
Sigrún Óskarsdóttir	stærðfræði og viðskiptagr.	
Sigurður Daði Friðriksson	matreiðsla	leyfi vorönn
Silja Brá Guðlaugsdóttir	framreiðsla	leyfi vorönn
Soffía Ófeigsdóttir	íslenska	
Sólveig Ebba Ólafsdóttir	íslenska	leyfi haustönn
Stefán Svavarsson	saga	
Unnsteinn Ó. Hjörleifsson	matreiðsla	
Vanessa G. B. Escobar	spænska	

Þorbjörg Ída Ívarsdóttir
Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir
Þórir Bergsson
Þuríður Helga Guðbrandsdóttir
Ægir Friðriksson

stærðfræði
líffræði
viðskiptagreinar
matsveina- og matartæknánám
matreiðsla

vorönn